

Sp.

617. Tillaga

til þingsályktunar um bannlögin.

Flutningsmenn: Magnús Jónsson, Einar Arnason, Einar Þorgilsson, Ingólfur Bjarnarson, Jakob Möller, Jón Magnússon, Magnús Pjetursson, Pjetur Ottesen, Sigurður H. Kvaran, Stefán Stefánsson, Sveinn Ólafsson og Þorsteinn M. Jónsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að þó að nú hafi verið afgreidd frá þinginu lög um undanþágu frá lögnum um aðflutningsbann á áfengi, vegna samninga við Spánverja, þá var það gert af knýjandi nauðsyn, en ekki af því, að Alþingi vildi hverfa frá þessari löggjöf, sem í fyrstu var sett á grundvelli þjóðaratkvæðagreiðslu.